

Áveitan

1. tbl. 5. árgangur. Janúar 2011

HSK mót í frjálsum framundan

Aldursflokkamót HSK 11 - 14 ára og Unglingamót HSK 15 - 22 ára verður haldið í frjálsíþróttahöllinni í Laugardalnum í Reykjavík sunnudaginn 9. janúar n.k. frá kl.10:00 - 15:00.

Héraðsmót HSK í flokkum fullorðinna verður haldið í frjálsíþróttahöllinni í Laugardalnum í Reykjavík á tveimur kvöldum. Fyrri keppnisdagurinn verður miðudaginn 12. janúar n.k.. kl. 20:00 - 22:00. Seinni keppnisdagurinn verður viku síðar, þriðjudaginn 19. janúar n.k.. kl. 20:00 - 22:00.

Þetta er í annað sinn sem þessi mót fara fram í frjálsíþróttahöllinni í Laugardalnum, við bestu aðstæður hérlendis.

Stefnt er sameiginlegri þátttöku ungmennafélaganna í Flóahreppi á þessum mótum, undir merkjum Þjótanda. Með von um góða þátttöku.

Ungmennafélögin



Áveitan í Flóahreppi

Útgefendur: Ungmennafélagin Baldur, Samhygð og Vaka.

Ábyrgðarmenn:

Baldur Gauti Tryggvason
ballroq@hotmail.com

Stefán Geirsson
stegeir@hotmail.com

Fanney Ólafsdóttir
fanneyo@emax.is

Frá sveitarstjóra

Bestu óskir um gleðilegt nýtt ár og takk fyrir gott samstarf á nýliðnu ári.

Stjórnarsýslan

Skrifstofa Flóahrepps er opin á mánudögum til föstudaga frá kl. 9:00-16:00. Skiptiborð er opið virka daga frá kl. 9:00-13:00, sími 480-4370.

Heimasíða sveitarfélagsins er www.floahreppur.is

Netfang sveitarstjóra er floahreppur@floahreppur.is

Netfang oddvita er adalsteinn@floahreppur.is

Reglulegir fundir sveitarstjórnar eru 1. miðvikudag hvers mánaðar kl. 20:00, fundarstaður er á skrifstofunni í Þingborg.

Erindi, sem óskað er eftir að tekin verði fyrir á fundi sveitarstjórnar þurfa að berast fyrir hádegi á föstudegi fyrir fundardag.

Skipulags-og byggingarfulltrúaembætti uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps er að Dalbraut 12, 840 Laugarvatni.

Skiptiborð er opið alla virka daga frá kl. 9:00 til 12:00, sími 486-1145.

Byggingarfulltrúi er Helgi Kjartansson, helgi@sudurland.is

Skipulagsfulltrúi er Pétur Ingi Haraldsson, petur@sudurland.is

Fulltrúi Flóahrepps í skipulags- og byggingarnefnd er Aðalsteinn Sveinsson, oddviti Flóahrepps.

Heimasíða skipulags-og byggingarfulltrúa er: www.sveitir.is þar sem meðal annars má sjá allar fundargerðir skipulags-og byggingarnefnda.

Félagsmálafulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps er með aðsetur í heilsugæslustöðinni að Laugarási, Bláskógabyggð. Sími hjá félagsmálafulltrúa er 480-5300.

Félagsmálafulltrúi Flóahrepps er Nanna Mjöll Atladóttir, felagsmalastjori@laugaras.is.

Fulltrúi Flóahrepps í félagsmálanefnd er Anna Alma Oddsdóttir, alma@matturehf.is.

Fræðslunefnd Flóahrepps heldur fundi einu sinni í mánuði. Formaður fræðslunefndar er Elín Höskuldsdóttir, elin@floahreppur.is.

Formaður atvinnu- og umhverfisnefndar Flóahrepps er Heimir Rafn Bjarkason, heimir@javerk.is.

Álagningarreglur

Eftirfarandi álagningarreglur hafa verið samþykktar af sveitarstjórn. Ekki er gert ráð

fyrir neinum breytingum á reglunum frá fyrra ári.

Álagning fasteignagjalda 2011

Fasteignaskattur er lagður á í þremur flokkum sem skiptast í eftirfarandi:

a-flokkur 0,50% af fasteignamati:

Íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd í dreifbýli og jarðeignir, útihús og mannvirki á bújörðum sem tengd eru landbúnaði, öll hlunnindi og sumarbústaðir ásamt lóðarréttindum.

b-flokkur 1,32% af fasteignamati:

Sjúkrastofnanir samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttahús og bókasöfn

c-flokkur 1,35% af fasteignamati:

Allar aðrar fasteignir, svo sem iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnaði, fiskeldismannvirki, veiðihús og mannvirki sem nýtt eru fyrir ferðaþjónustu.

Vatnsgjald

Vatnsgjald verður 0,2% af fasteignamati eignar sem tengst geta vatnsveitum sveitarfélagsins.

Lágmarksálagning verður 6.000 kr. og hámarksálagning verður 18.000 kr. á íbúðar- og sumarhús.

Lóðarleiga er 1% af lóðamati.

Sorphirðu-og sorpeyðingargjald

Sorphirðugjald:

a) 240 lítra tunna	12.000 kr.
c) 660 lítra kar	19.520 kr.
d) 1100 lítra kar	27.328 kr.

Sorpeyðingargjald:

Íbúðir	8.800 kr.
Sumarhús	8.800 kr.
Atvinnurekstur iðnaðarhverfi	19.200 kr.
Atvinnurekstur lögbýli	10.400 kr.
Seyrulosun	7.000 kr.

Öll gjöld hafa sömu gjalddaga og fasteignaskatturinn og er innheimtu þeirra hagað á sama hátt.

Greiðslur sem eru 20.000 kr eða lægri eru með einn gjalddaga, 1. mars. Greiðslur sem eru 20.001 kr til 60.000 kr greiðast á þremur gjalddögum, 1. mars, 1. maí og 1. júlí.

Greiðslur 60.001 kr. og hærrí greiðast á fimm gjalddögum, 1. mars, 1. maí, 1. júlí, 1. september og 1. nóvember.

Eindagi er 30 dögum eftir gjalddaga.

Fjárhagsáætlun 2011, seinni umræða

Sveitarstjórn hefur samþykkt fjárhagsáætlun Flóahrepps fyrir árið 2011. Eins og áður er sveitarfélagið háð framlögum jöfnunarsjóðs en reiknað er með að um 41% af skatttekjum Flóahrepps verði frá jöfnunarsjóði. Áætlað útgjalda jöfnunarframlag sjóðsins fyrir skólaakstur lækkar um 14.000.000 kr. frá árinu 2010. Ekki er gert ráð fyrir neinum fjárfestingum á árinu né launahækkunum. Gert er ráð fyrir 3% verðlagsbreytingum frá árinu 2010 og vaxtahlutfalli af skuldum 4,5%. Áætlun byggir á

A hluta annars vegar og A og B hluta hins vegar. Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum, Aðalsjóður og Eignasjóður. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða að meirihluta eru í eigu sveitarfélaga og er rekstur þessara fyrirtækja fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfssemi í Flóahreppi eru Vatnsveita og Leiguíbúðir.

Áætlun fyrir A og B hluta gerir ráð fyrir eftirfarandi:

Heildartekjur:	376.018.000
Rekstrargjöld:	367.994.000
Rekstrarniðurstaða fyrir A og B hluta:	4.401.000

Samningur um snjómokstur

Samið hefur verið um snjómokstur til vors 2013. Gerðir voru tveir samningar, annars vegar við Strá og Fögrusteina og hins vegar við Hellisbúið. Allir þessir aðilar hafa áður þjónustað Flóahrepp með snjómokstur.

Megin markmið snjómoksturs er að koma börnum í skólann á réttum tíma og greiða um leið akstursleiðir þeirra sem þurfa til vinnu. Einnig að tryggja það að mjólkurbílar komist að þeim bæjum þar sem stunduð er mjólkurframleiðsla.

Áfram mun gilda að ef fenni í för jafnóðum er ekki mokað.

Vegagerðin greiðir helmingsmokstur þrjá daga í viku.

Samningur fyrir hundafangara

Ragnar Sigurjónsson, Flóahreppi, hefur verið ráðinn hundafangari í Flóahreppi og Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Helstu verkefni hans sem hundafangara eru að svara fyrirspurnum og greiða úr málum sem upp kunna að koma vegna hundahalds í sveitarfélögunum. Einnig að annast vörslu hunda sem handsamaðir eru með vísan til samþykktu um hundahald í sveitarfélögunum.

Sími hjá hundafangara er 859-9559.

Æskulýðs- og tómstundanevnd

Eins og fram kom í síðasta fréttabréfi hefur sveitarstjórn samþykkt að setja á laggirnar þriggja manna æskulýðs- og tómstundanevnd í Flóahreppi. Þetta var ekki síst gert í tengslum við kennslu unglingsstigsins í Flóaskóla og verður nefndinni ætlað að starfa samkvæmt æskulýðslögum.

Eftirtaldir aðilar eiga sæti í æskulýðs- og tómstundanevnd Flóahrepps:

Aðalmenn:

Anný Ingimarsdóttir formaður, Sigríður Björgvinsdóttir og Gauti Gunnarsson.

Varamenn:

Haukur Gíslason, Rannveig Árnadóttir og Elín Höskuldsdóttir.

Fyrirhuguð gjaldtaka vegna veglagningar um Hellisheiði

Sveitarstjórn bókaði á síðasta fundi sínum svohljóðandi mótmæli við fyrirhugaða gjaldtöku vegna veglagningar um Heillisheiði:

Ljóst má vera að fyrirhuguð gjaldtaka vegna veglagningar um Hellisheiði yrði íþyngjandi fyrir íbúa Flóahrepps sem vinnu sinnar vegna eða af öðrum

ástæðum þurfa að fara um heiðina. Íbúum þessa lands yrði mismunað eftir búsetu þar sem ekki hefur verið innheimtur vegskattur af sambærilegum nýframkvæmdum hér á landi. Auk þess væri um tvísköttun að ræða þar sem orkan er nú þegar skattlögð m.a. til að mæta vegafframkvæmdum. Sveitastjórn Flóahrepps mótmælir fyrirhugaðri gjaldtöku og skorar á ráðamenn þjóðarinnar að falla frá hugmyndum um vegatolla.

Vatnsmál

Vegna slæmrar stöðu vatnsbóla í Flóahreppi eru íbúar vinsamlegast beðnir um að spara vatnsnotkun eins og kostur er með því t.d. að láta vatn ekki renna í haughús. Einnig er hrossaeigendum bent á að hafa ekki sírennsli í haga og húsum heldur nýta sér aðrar lausnir til brynninga.

Fyrir jól var tengt við vatnsveitu Árborgar eins og gert hefur verið undanfarin sumur en ekki hefur komið til þess að hausti áður. Einnig hafa dælur verið í gangi við Ruddakrók og Neistastaði í haust til að anna vatnspörf.

Sorphirðudagatal

Sorphirðudagatal fyrir árið 2011 fylgir með fréttabréfinu.

Íbúafjöldi

Íbúar Flóahrepps voru 591 þann 1. desember s.l. Karlar voru 313 og konur 278 samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands, www.hagstofan.is.

Íbúar voru 595 talsins 1. desember 2009 og hefur því fækkað um fjóra.

Fréttir og upplýsingar

Fréttir frá sveitarstjórn og skrifstofu hafa birst í fréttablaðinu Áveitunni um hver mánaðarmót til að halda lesendum sem best upplýstum um það sem helst er á döfinni hverju sinni. Einnig eru fundargerðir, ýmsar fréttir og auglýsingar á heimasíðu sveitarfélagsins, www.floahreppur.is fyrir þau ykkur sem hafið tök á að nýta ykkur tölvutæknina.

Íbúar sveitarfélagsins hafa bent á að aðgengilegt væri að hafa upplýsingar um ýmsa viðburði á vegum félagasamtaka sveitarfélagsins á heimasíðunni.

Þetta er þörf og góð ábending og hvet ég forsvarsmenn og konur félagasamtaka í Flóahreppi að nýta heimasíðuna betur sem upplýsingaveitu, t.d. á viðburðadagatalinu. Það eina sem þarf að gera er að senda upplýsingar, fréttir og/eða auglýsingar til sveitarstjóra á netfangið floahreppur@floahreppur.is

Einnig má senda fréttir og upplýsingar um hvaðeina sem íbúum dettur í hug að eigi erindi til sveitunga.

Fréttir frá Krakkaborg

Kæru sveitungar

Við í Krakkaborg viljum byrja á því að óska ykkur öllum gleðilegs nýs árs með kærri þökk fyrir gamla árið.

Í desember var nokkuð margt um að vera hjá okkur en við byrjuðum á því að fara út í garðinn okkar og sækja okkur jólatré og bjuggu börnin svo til skraut á tréð. Við fengum 2 skemmtilega jólasveina í heimsókn, þá Skyrgám og Bjúgnakræki, og dönsuðum við í kringum jólatréð og sungum nokkur jólalög og höfðum gaman. Sveinkarnir færðu okkur öllum mandarínur og svo fengum við líka heitt kakó og smákökur á eftir.

Við fengum leiksýninguna um Grýlu og jólasveinana frá leikhúsinu *Leikhús í tösku* þann 8. desember við mikla kátínu barna leikskólans og þau allra yngstu gáfu hinum eldri ekkert eftir varðandi úthald og gleði yfir leiksýningunni.

Þann 15. desember höfðum við jólaball úti í Þingborg. Séra Sveinn Valgeirsson sagði börnunum jólasögu, kór leikskólans, Regnbogakórinn, söng nokkur jólalög, sungið var og dansað í kringum jólatréð og jólasveinarnir Skyrgámur og Bjúgnakrækir mættu á svæðið og dönsuðu með okkur og sungu. Foreldrafélagið bauð upp á kaffi og kökur eftir dansinn og tókst þetta í alla staði mjög vel. Við þökkum Foreldrafélaginu, séra Sveini og öllum þeim sem tóku þátt í þessum skemmtilega degi með okkur kærlega fyrir.

Leikfélag Selfoss færði okkur gjöf sem var geisladiskur með söngvum úr leikritinu um Sjóræningjaprinsessuna sem Leikfélag Selfoss setti upp nýverið. Það var hann Daníel Logi sem afhenti okkur gjöfina fyrir hönd Leikfélagsins og þökkum við kærlega fyrir það.

Tveir starfsmenn leikskólans þær Hallfríður Ósk og Júdith færðu leikskólanum veglegar bókagjafir og þökkum við kærlega fyrir þær. Aðra daga í desember nutum við þess að undirbúa jólin í rólegheitum, sungum jólalög og börnin bjuggu til jólagjafir handa sínum nánustu.

Bestu kveðjur

Karen Viðarsdóttir leikskólastjóri

Gönguskór til sölu

Til sölu svartir Merrel-kvengönguskór nr. 40. Sama og ekkert notaðir. Verð 10.000.

Fanney sími 486-3345

Frá Flóaskóla

Ég óska lesendum Áveitunnar gleðilegs nýs árs og þakka fyrir ánægjulegt samstarf á nýliðnu ári.

Árið 2010 var um margt merkilegt í skólasögu Flóaskóla en þá var 9. bekk kennt við skólann í fyrsta skipti, auk þess sem ný viðbygging við skólann var tekin í notkun. Nemendum og starfsfólki hefur fjölgað jafnt og þétt en nemendur eru í vetur ríflega 80. Haustið 2011 fjölgar þeim enn frekar en þá verður 10. bekk kennt við skólann. Flóaskóli verður þá heildstæður grunnskóli með kennslu í bekkjardeildum í 1.-10. bekk.

Eins og við heyrum öll í fréttum er rekstur grunnskóla erfiður mörgum sveitarfélögum þessi misserin. Þjónustan sem felst í þeim rekstri er lögbundin og málaflokkur fræðslumála mjög krefjandi. Við höfum á landsvísu heyrt af niðurskurði og samdrætti í skólamálum eins og öðru. Eflaust eigum við í Flóaskóla eftir að finna fyrir þessum samdrætti þó uppgangur hafi verið nokkur hjá okkur síðustu ár. Í því samhengi verðum við að hafa það hugfast að standa vörð um grunnþjónustu við börnin okkar því niðurskurður í menntun barnanna er ekki vænlegur til lengri tíma litið. Við þurfum að kappkosta að reka áfram gott skólakerfi, án alls íburðar - en þó þannig að við stöndum vörð um góða menntun fyrir komandi kynslóðir. Börnin okkar eiga skilið að fá menntun og uppeldi sem skilar þeim sem ábyrgum, duglegum og áræðnum einstaklingum út í síbreytilegt samfélag sem mun krefja þau um mikla og fjölbreyttra þekkingu.

Með nýju ári koma ný tækifæri og nýir möguleikar - og okkar allra bíður það verkefni að gera sem mest úr því sem við höfum.

Bestu óskir um gleði, gæfu og farsæld á nýju ári!
Kristín Sigurðardóttir, skólastjóri Flóaskóla.

Frá Umf. Vöku:

Prettándagleðin verður haldin 6. Janúar í Þjórsárveri klukkan 20:00. Að venju mun skemmtunin hefjast á leikdagskrá úr smiðju ungmennafélaga, síðan verður flugeldasýning og bingó í kjölfar hennar. Miðaverð er 800 kr fyrir fullorðna, 500 kr fyrir 7-12 ára og ókeypis fyrir 6 ára og yngri. Lofum frábærri skemmtun og hlökkum til að sjá ykkur.

Skemmtinefndin

Samlestur fyrir leikverk vetrarins verður fimmtudaginn 13. janúar kl. 20:30 í Þjórsárveri. Allir 14 ára og eldri velkomnir

Leikdeild Umf. Vöku

Fréttir af aðalfundi

Aðalfundur Umf. Vöku var haldinn í Þjórsárveri 2. janúar kl. 14:00. Mættir voru 17 félagar. Fundarstjóri var Tómas Karl Guðsteinsson og fundarritari Helga Björg Helgadóttir. Formaður og formenn nefnda lásu skýrslur sínar og gjaldkerinn Hallfríður gerði grein fyrir reikningum félagsins. Nokkur hagnaður var á rekstrarreikningi en fram kom að ekki voru allir gjaldaliðir komnir í hús. Var rætt um hvort breyta þurfi dagsetningu aðalfundar vegna þessa í framtíðinni. Formaður félagsins til síðustu fjögurra ára, Haraldur Einarsson gaf ekki kost á sér áfram. Úrslit kosninga urðu þessi:

Formaður Guðmunda Ólafsdóttir Hurðarbaki

Gjaldkeri Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir Lyngholti

Ritari Helga Björg Helgadóttir Rimum 12

Formaður íþróttanefndar Tómas Karl Guðsteinsson Egilsstöðum

Formaður skemmtinefndar Laufey Einaradóttir Egilsstaðakoti

Formaður ritnefndar Fanney Ólafsdóttir Hurðarbaki

Varastjórn Bjarni Már Ólafsson, Ingunn Bjarkadóttir og Sigurbjörg Eva Sigurðardóttir

Skoðunarmenn reikninga Kristján Gestsson og Bjarki Reynisson til vara.

Þá var komið að hléi og var þar framreidd skúffukaka og mjólk auk þess sem sýndar voru á tjaldi myndir úr starfi félagsins á árinu.

Næst voru verðlaunaafhendingar. Bikar fyrir besta afrek skv. Alþjóðastigatöflu hlaut Haraldur Einarsson fyrir 400 m hlaup, 50, 43 sek. Besta afrek skv. Unglingastigatöflu hlaut Ýmir Atlason fyrir langstökk án atrennu, 1,99 m, en Ýmir er aðeins 10 ára. Íþróttamaður ársins var kjörinn Haraldur Einarsson fyrir afar góðan árangur í frjálsíþróttum á árinu.

. Haraldur hlaut einnig félagsmálabikarinn, en hann lætur nú af störfum fyrir félagið eftir 6 ár í stjórn. Í umsög kom fram að Haraldur hafi unnið ötullega fyrir félagið og komið á ýmsum nýjungum í formannstíð sinni. Þá hafi samstarfið við nágrannafélögin stóreflst á þessum tíma, t.d. með stofnun sameiginlegs keppnisliðs í frjálsum íþróttum.

Undir liðnum önnur mál bar margt á góma. Rætt var um þjálfaramál og fararstjórn á mótum utan héraðs. Einnig mætingu ungmenna á íþróttæfing- ar og mót hjá félaginu. Fram kom að 5 félagar hafi gengið í félagið á árinu.

Ársskýrsla

Ársskýrsla Umf. Vöku fyrir árið 2010 er komin út. Þeir utanfélagsmenn sem vilja eignast eintak geta haft samband við Fanneyju í síma 486-3345 eða með tölvupósti fanneyo@emax.is

Úrslit af mótum

3. Desembermót ÍR var haldið þann 20. desember. Haraldur Einarsson keppti í 800m. hlaupi og hljóp á tímanum 2:12,57 sek og hafnaði í fyrsta sæti.

Vaka átti keppendur á Hafsteinsmóti í atrennulausum stökkum. Úrslit birtast síðar.

Frá Hrossaræktarfélagi Hraungerðishrepps

Aðalfundur

Aðalfundur Hrossaræktarfélags Hraungerðishrepps verður haldinn fimmtudagskvöldið 13. janúar klukkan 20:30 í Þingborg..

Á dagskrá fundarins eru venjuleg aðalfundarstörf. Nýjir félagar velkomnir. Kaffi og meðlæti verður selt á staðnum.

Einnig vill stjórnin minna félagsmenn á sameiginlega uppskeruhátíð sem haldin verður í Félagslundi laugardaginn 15. janúar.

Félagsgjöld: Stjórnin vill góðfúslega minna félagsmenn á að greiða félagsgjald síðasta árs sem er 1500 kr. með því að leggja inn á reikning: 0152-05-260163 og kennitala félagsins er 520310 0370.

Heimasíða félagsins: www.hross.weebly.com

Stjórnin

Frá UMF Baldri

Prettándagleði

Fimmtudaginn 7. janúar komum við saman og kveðjum jólin með tilheyrandi brennu og flugeldum. Kveikt verður í kl 20:30. Boðið verður uppá veitingar og farið í bingó og ýmsa aðra leiki. Viljum við hvetja sem flesta til að mæta. Tekið verður á móti brennuefni á fimmtudaginn 7. janúar á milli klukkan 13.00 og 16.00. Svo nú er kjörinn tími til að taka aðeins til í kringum sig og brenna draslið. Þeir sem eru uppteknir á þessum tíma en vilja losa sig við drasl geta haft samband við Hauk í síma 866-8737.

Skemmtinefnd Umf. Baldurs

Aðalfundur UMF Baldurs

Aðalfundur Umf. Baldurs verður haldinn þann sunnudaginn 9. janúar næstkomandi klukkan 13:30.

Á dagskrá verða venjuleg aðalfundarstörf; skýrslur, kosningar, umræður um störf félagsins og inntaka nýrra félaga. Íþróttamaður ársins verður útnefndur og veitt viðurkenning fyrir bestu ástundun. Félagsmálábikar verður veittur fyrir góð störf í þágu ungmennafélagsins..

Besta leiðin til að hafa áhrif á störf félagsins er að mæta á aðalfund því eru félagsmenn hvattir til að fjölmenna á aðalfundinn og taka þátt í líflegum umræðum. Enginn þarf að óttast að lenda í stjörn eða nefnd ef hann vill það ekki. Nýir félagar eru boðnir hjartanlega velkomnir.

Stjórn Umf. Baldurs

Þorralót 2010

Undirbúningur fyrir þorralót í Þingborg er nú kominn á gott skrið, en það verður haldið laugardagskvöldið 29 janúar nk. Hljómsveitin Stuðlabandið mun leika fyrir dansi að lokinni hefðbundinni skemmtidagskrá.

Bráðlega verða sendar út allar nauðsynlegar upplýsingar um blótið s.s. hvar hægt sé að panta miða, rútuferðir og fleira. Fylgist með frá byrjun!

Umf. Baldur og skemmtinefnd Sandvíkinga

Árgjald Umf. Baldurs

Ágætu félagar.

Minnt er á að greiða félagsgjöld Umf. Baldurs fyrir árið 2010. Árgjald er kr. 1000.- fyrir 14 ára og eldri, en 7-13 ára greiða hálf gjald. Hægt er að greiða gjaldið í heimabanka eða með millifærslu í banka. Vinsamlega leggið inn á reikn. 0586-26-979 kt. 471077-0979 og tilgreinið kennitölu greiðanda.

Ef eitthvað er óljóst, vinsamlega hafið samband við gjaldkera í síma 4822911 eða lambastadir@emax.is.

Svanhvít Hermannsdóttir
gjaldkeri Umf. Baldurs

HSK-mót

Nú er nóvember og desember hafa farið fram 2 héraðsmót sem Umf. Baldur hefur tekið þátt í en það er annars vegar héraðsmót í skák. Þar tefldu þeir bræður frá Laugardælum, Úlfhéðinn og Ingimundur Sigmundssynir, Skeggi Gunnarsson á Skeggjastöðum og Sigurður Halldórsson frá Laugarvatni fyrir hönd félagsins. Enduðu þeir í 4 sæti með 8 vinninga. Þökkum við þeim kærlega fyrir að taka þátt í mótinu og halda skákinni á lofti innan félagsins ár eftir ár.

Hinsvegar er um að ræða héraðsmót í handbolta í meistaraflokki. Þetta var í 3 skiptið sem Umf. Baldur tók þátt í mótinu og tókst fámennu liðinu sem tefldi að þessu sinni fram mjög gömlum kempum og reyndar nýrri líka, að lenda í 3. sæti en í síðasta leiks mótsins átti Umf. Baldur möguleika á að lenda í 2. sæti en í hreinum úrslitaleik um það sæti höfðu Árborg betur. Er þetta vel ásættanleg niðurstaða og fóru menn sáttir heim að móti loknu með brons verðlaunapening um hálsinn.

Huginn

Við tiltekt í félagsherbergi UMF Baldurs í Þingborg fundust nokkur eintök af hinu merkilega félagsblaði Huginn sem gefið var út af UMF Baldri á árunum 1975-1998 í fjölfölduðu upplagi. Langi einhvern til að eignast blað er honum bent að tala við einhvern í stjórn UMF Baldurs, einnig munu eintök liggja frammi á næstu skemmtunum ungmennafélagsins s.s. þrettándaskemmtun og aðalfundi.

Mínt er á heimasíðuna <http://umfbaldurhraung.weebly.com> og einnig erum við á Facebook undir nafninu Ungmennafélagið Baldur Hraungerðishrepp. Að lokum er bent á netfangið umfbaldurhraung@gmail.com

Jóla- og Nýárskveðjur!

Umf. Baldur sendir félagsmönnum sínum og öðrum lesendum fréttabréfsins bestu óskir um gott og farsælt nýtt ár, með þökk fyrir samstarf og stuðning á liðnu ári.

Brotajárn

Móttaka brotajárns í Súluholtsnámu hefur verið hætt, og er öll losun brotajárns bönnuð í námunum.

Helgi Sigurðsson

Tökum að okkur allar gerðir mannvirkja.

Nýsmíði, viðhald, breytingar.

Erum með traktors- og beltagröfu.

Kríutangi ehf

Vorsabæ

Stefán Helgason Húsasmíðameistari

S:893-4933

Frá Umf. Samhygð

Prettándagleði í Félagslundi

Að kvöldi þrettánda degi jóla, fimmtudeginum 6. janúar, stendur Umf. Samhygð fyrir þrettándagleði í Félagslundi. Kveikt verður í bálkesti kl. 20:00 við Félagslund og síðan verður gengið til dagskrár í húsinu á eftir og verður meðal annars spilað Bingó. Allir velkomnir.

Aðalfundur Umf. Samhygðar

Aðalfundur Umf. Samhygðar verður haldinn í Félagslundi sunnudaginn 23. janúar. Fundurinn hefst kl. 13:30 og eru á dagskrá hefðbundin aðalfundarstörf. Nýjir félagar velkomnir. Vonumst eftir að sjá sem flesta félaga.

Glíma

Glímuæfingar í Félagslundi hefjast aftur eftir jólafrí þann 10. janúar. Þær verða með svipuðu sniði og fyrir áramót, Stefán Geirsson þjálfar og hver æfing stendur í klukkutíma, frá 20:00 til 21:00. Áhugasöm ungmenni í Flóhreppi eru hvött til koma og kynnast glímuíþróttinni ef þau hafa ekki áður gert það. Framundan eru Grunnskólamót HSK, Héraðsmót HSK og fleiri mót. Sjáumst hress á nýju ári.

Hjónaball í Félagslundu

Hið árlega Hjónaball Gaulverja fer fram með pompi og pragt þann 5. febrúar 2011 í Félagslundu, eins og var auglýst um daginn. Borðhald hefst klukkan 20:30 en húsið opnar klukkan 20:00. Þjórbandið heldur uppi stuðinu.

Miðapantanir eru á Fljótshólum í síma 486 3361 (Guðrún) og 486 3434 / 6166150 (Mareike). Pantanir berist í seinasta lagi sunnudagin 30. janúar 2011. Rétt er að minna á að ekki er posi fyrir greiðslukort í Félagslundu.

Það er þá ekki annað en að panta miða, pússa dansskóna og svo sjáumst við hress og kát í febrúar.

Undirbúningsnefndin.

Hrossaræktendur

Aðalfundur Hrossaræktarfélagis Villingaholtshrepps verður haldin miðvikudaginn 12. janúar 2011 í kaffistofu fjárhúss Egilsstaðakots kl.20.30.

- Venjuleg aðalfundarstörf.
- Á fundinum verða lagt fram frumvarp af nýjum lögum félagsins til samþykktar.
- Nýir félagar velkomnir.

Stjórnin

Kveðja

Á aðfangadag komu hressir og kátir jólasveinar sem færðu mér gjöf frá Ungmennafélaginu Vöku. Ég vil þakka Ungmennafélaginu Vöku kærlega fyrir þessa veglegu bókagjöf. Með kærri kveðju, Stína í Nesi

Frétt frá organista Villingaholtskirkju:

Nýtt orgel vígt í Villingaholtskirkju

Í hátíðamessu annan jóladag var nýtt orgel vígt í Villingaholtskirkju.

Organistinn Ingimar Pálsson las vígslutexta úr handbók kirkjunnar og sóknarpresturinn Sr. Kristinn Ágúst Friðfinnsson fór með bæn og blessunarorð. Að því loknu stýrði Ingimar söng kirkjukórsins og lék á hljóðfærið. Við vígsluna voru fluttir hátíðasöngvar Sr. Bjarna Þorsteinssonar ásamt hefðbundnum jólasálmum.

Um hljóðfærið. Orgelið er þýsk framleiðsla af gerðinni Ahlborn. Hljóðfærið, sem búið er ýmsum tækninýjungum, hefur tvö hljómborð og fótpedal (geislapedal), 32 raddir og 500 kombinásonir. Orgelið hefur hlotið sérstaka viðurkenningu frá þýskum organistum og þekktum professorum í organleik t.d. prof. Hans Gebbard í Hamborg, Gunter Seggermann í Hamborg og prof. Dr. Frank-Harald Gress í Dresden. Orgel sem þetta hentar sérstaklega vel í kirkjur sem hafa takmarkað rými og talað hefur verið um að þau séu harmonium nútímans. Íslenskur innflytjandi hljóðfærissins er Sverrir Guðmundsson organisti, sími 894 4980 sverrir@tolvubondinn.is

Fjármögnun. Kirkjukór kirkjunnar, sem síðar sameinaðist kirkjukór Hraungerðiskirkju í Flóa fjármagnaði kaupin á orgelinu. Fyrir margt löngu stofnuðu kórfélagar sjóð til endurnýjunar á hljóðfæri kirkjunnar. Fólk lagði ætluð laun og annað fé til sjóðsins. Seldur var broddur frá bændum og búaliði, basarsölur voru settar upp til fjáröflunar þar sem m.a. var selt handunnið þrjónles og einnig bakkelsi frá kórfélögum og sóknarbörnum. Ónafngreindir kórfélagar og fleiri aðilar gáfu stórar peningagjafir til minningar um látna kórfélaga, ástvini og sveitunga. Sóknarnefndir kirkjunnar hafa séð um ávöxtun sjóðsins. Árangurinn er nú sýnilegur í formi orgelsins sem hefur hlotið vígslu til afnota í kirkjunni í þágu allra sóknarbarna og kirkjugesta.

Tónleikar. Í framhaldi og beinum tengslum við orgelvígsluna verður boðið til tónleika í Villingaholtskirkju, þar sem hljómur orgelsins og raddfjölbreytni verða kynnt sérstaklega. Tónleikarnir verða síðari hluta janúar mánaðar eða fyrri hluta febrúar. Valinkunnir orgarleikarar munu leika á orgelið. Einn þeirra er Haukur Guðlaugsson fyrrverandi söngmálastjóri Þjóðkirkjunnar og verður hann sérstakur heiðursgestur tónleikanna. Á tónleikunum mun Ólafur Sigurjónsson í Forsæti einnig leika á hljóðfærið en hann var organisti kirkjunnar fyrr á tímum og nemandi Hauks. Tónleikarnir verða auglýstir sérstaklega. Aðgangur er ókeypis og boðið verður til kaffisamsætis í Þjórsárveri að tónleikum loknum.

Messuboð

9. janúar, messa í Hraungerðiskirku kl. 13:30

16. janúar, messa í Villingaholtskirkju kl. 13: 30.

16. janúar, messa í Gaulverjabæjarkirkju kl. 14:00

Konur í Flóahreppi athugið - Kvennasport í Þjórsárverri

Minni **allar konur í Flóahreppi** á kvennasport í Þjórsárverri á mánudögum og miðvikudögum kl 20:00-21:00. Tímarnir eru fjölbreyttir og skemmtilegir og lögð er áhersla á góðar æfingar sem taka jafnt á styrk, þol, jafnvægi og liðleika.



Einnig er boðið upp á reglulegar mælingar fyrir þær sem vilja þ.e. ummálmælingar og fitu%.

Nú er rétti tíminn til að drífa sig af stað, koma kroppnum í gott form og njóta þess um leið að vera í frábærum félagsskap.

Hulda Kristjánsdóttir, íþróttافرæðingur

hulda@floaskoli.is - gsm: 866-3245

Uppskeruhátíð Hrossaræktarféлага Flóahrepps

Uppskeruhátíð Hrossaræktarféлага Flóahrepps verður haldin laugardagskvöldið 15. janúar 2011 í Félagslundi kl: 21:00. Veislustjóri verður Óðinn Örn.

Dagskrá:

Stóðhestakynning.

Kristinn Hugason kynnir Ytra-Dalsgerðirs ræktunina.

Verðlaunaveiting félaganna.

Ný verðlaun verða veitt fyrir hæst dæmda stóðhest og hæst dæmdu hryssu Flóahrepps.

Frítt verður inn og veitingar seldar á vægu verði.

Vonumst til að sjá sem flesta.

Stjórnir Hrossaræktarféлага Flóahrepps

Dagskrá mánaðarins

Prettándagleði í Þjórsárverri	6. janúar
Prettándagleði í Félagslundi	6. janúar
Prettándagleði í Þingborg	7. janúar
Aldursflokkamót Hsk í frjálsum	9. janúar
Aðalfundur Umf Baldurs	9. janúar
Messa í Hraungerðiskirkju	9. janúar
Glímuæfing í Félagslundi	10. janúar
Æfing eldri í Þingborg	11. janúar
Æfing yngri	12. janúar
Aðalfundur Hrossaræktarfélags Villingaholthr.	12. janúar
Fyrri keppnisdagur héraðsmóts fullorðinna	12. janúar
Aðalfundur Hrossaræktarfélags Hraungerðishr.	13. janúar
Samlestur fyrir leikverk í Þjórsárverri	13. janúar
Uppskeruhátíð hrossaræktenda í Félagslundi	15. janúar
Messa í Villingaholtskirkju	16. janúar
Messa í Gaulverjabæjarkirkju	16. janúar
Glímuæfing í Félagslundi	17. janúar
Æfing eldri í Þingborg	18. janúar
Æfing yngri	19. janúar
Seinni keppnisdagur héraðsmóts fullorðinna	19. janúar
Aðalfundur Umf Samhygðar	23. janúar
Glímuæfing í Félagslundi	24. janúar
Æfing eldri í Þingborg	25. janúar
Æfing yngri	26. janúar
Þorrablót í Þingborg	29. janúar
Glímuæfing í Félagslundi	31. janúar
Hjónaball/Þorrablót í Félagslundi	5. febrúar
Þorrablót í Þjórsárverri	12. febrúar

